

Könnun meðal  
nemenda í 8., 9. og 10.  
bekk í Hafnarfirði

af erlendu bergi brotnu

Á fundi Fjölskylduráðs þann 27. febrúar 2015 var samþykkt samhljóða að fela sviðstjóra og starfsmönnum sviðisins að koma á fót rýnihópum meðal unglunga af erlendum uppruna. Rýnihóparnir fjalli m.a. um félagslega stöðu unglinganna og hvernig hægt sé að koma til móts við þarfir þeirra.

Hera Hallbera Björnsdóttir var ráðin til að framkvæma könnunina. Könnunin fór fram með tvennum hætti. Annars var um rýnihópa að ræða þar sem unglingarnir ræddu saman um nokkrar spurningar og hins vegar var um spurningalista að ræða þar sem hver svaraði fyrir sig. Alls var um 8 rýnihópa að ræða. Framkvæmd könnunarinnar var dagana 13. – 21. október 2015. Þátttakendur voru nemendur af erlendu bergi brotnir í 8., 9. og 10. bekk allra grunnskóla í Hafnarfirði. Alls tóku 42 unglingar þátt í könnuninni. Meðfylgjandi eru svör unglinganna.

# Umræðuhópar

Byrjað var á því að skipta unglíngunum í umræðuhópa þar sem þau voru beðin um að ræða 6 fyrirfram ákveðnar spurningar. Í flestum tilfellum skipuðu unglíngarnir sjálfir ritara fyrir sinn hóp. Einungis í einu tilfelli sat framkvæmdaaðili könnunarinnar sem ritari hópsins. Var metið í hverju tilfelli fyrir sig hvort best færi að unglíngarnir rituðu svör hópsins sjálfir eða hvort þörf væri á utanaðkomandi ritara.

Mjög misjafnt var milli hópa hversu miklar umræður spunnust í kringum hverja spurningu. Meðfylgjandi er samantekt á svörum hópanna.

## Spurning 1:

**Hvernig myndir þú skilgreina orðið „frítími“ og um hvað á frítími að snúast? Hvað gerir þú og þín fjölskylda í ykkar frítíma?**

*Skilgreining unglínganna á „frítíma“.*

„Frítími er tími sem við höfum eftir skóla eða um helgar.“

„Frítíminn snýst um að gera það sem manni langar.“

„Frítími er þegar maður þarf ekki að læra eða vinna og hefur tíma fyrir sjálfan sig.“

„Frítími er þegar þú ert með fjölskyldunni.“

„Frítími er þegar maður er ekki búinn að plana neitt og bara hafa það gaman.“

*Hvað gera unglíngarnir í frítíma sínum? Hvað gera unglíngarnir með fjölskyldu sinni?*

„Að vera heima, spila tölvuleiki, vera með vini, lesa bækur, teikna, hjóla, sofa.“

„Í frítíma gerir maður eitthvað skemmtilegt, er með vinum, er í tölvunni, horfir á sjónvarpið, æfir, er með fjölskyldunni.“

„Í frítíma er maður einn, fer út, fer á æfingar, hittir vini sína, fer út í fótbolta, fer út á hjólabretti og er í tölvunni og jafnvel margt fleira.“

„Í frítíma horfir maður á myndir, æfir íþróttir, hittir vini, fer og kaupir ís, fer í bíó, fer í Kringluna, hittir vini í félagsmiðstöðinni. Með fjölskyldunni fer maður í bíltúr, gönguferðir og bíltúra um landið, horfir á sjónvarp, hefur kósýköld, fer niður í fjöru, t.d. í Nauthólsvík.“

„Þegar engin er í vinnunni eða skóla og allir eru heima, þá getur fjölskyldan sest niður og talað saman. Þegar það er ekkert að gera, þegar við erum með vinum okkar, þegar við getum gert nokkurn veginn það sem við viljum. Líka þegar mamma notar tækifærið til að segja okkur að drullast til að taka til því við höfum ekkert betra að gera.“

„Í frítíma er maður t.d. með vinum, spila tölvuleiki og fer út að stunda íþróttir.“

„Horfa á sjónvarpið, spjalla saman og chilla saman.“

## Spurning 2:

**Í Hafnarfirði er boðið upp á ýmislegt frístundastarf, íþróttir, dans, tónlist, félagsmiðstöð og ýmislegt fleira. Telur þú úrvalið nægjanlegt eða er eitthvað sem þér finnst vanta? Ef þér finnst eitthvað vanta, hvað finnst þér vanta?**

Helmingi unglinganna fannst ekkert vanta upp á það framboð frístundastarfs sem boðið er upp á í Hafnarfirði.

4 hópar höfðu ýmsar hugmyndir fram að færa:

„Það vantar aðstöðu til að æfa jazzballett, aðgangi að stúdíói til að vinna kvikmyndir.“

„Það vantar skautasvell þar sem hægt er að æfa hokkí því langt er fyrir þá sem æfa hokkí að sækja æfingar (annað hvort í Laugardal eða í Grafarvog), tennis, stærri verslunarmiðstöð vegna þess það er ekkert að gera hér (höfum enga staði til að hanga með vinum), Tívólí.“

„Eitthvað sem eykur samskipti milli fólks.“ Engin nánari útlistun fékkst á hvað það ætti að vera.

„Já, það vantar tennis, skauta, keilu, blak og paintball.“

### Spurning 3:

**Mörg ungmenni í Hafnarfirði hafa áhuga á því að taka þátt í ýmsu því frístundastarfi sem boðið er upp á í Hafnarfirði en gera það engu að síður ekki. Hverjar telur þú vera ástæður þess að ungmennin taki ekki þátt þrátt fyrir að langa til að taka þátt? Með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við þessi ungmenni til að gera þeim kleift að taka þátt í því starfi sem þau langar?**

„Hafa ekki tíma og ekki með peninga, nenna ekki að mæta, gefa peninga.“

„Það er of mikið nám í skólanum og maður hefur engan tíma til að æfa. Sumir þurfa líka að passa systkinin sín.“

„Sumir hafa kannski ekki nógu mikið sjálfstraust í að mæta á æfingar og jafnvel liður illa með öðrum. Sumir eru kannski smeykir við að mæta því þau eru kannski hrædd um að vera ný og að kunna ekki neitt, jafnvel hrædd um að vera skilin útundan.“

„Nenna ekki að taka þátt, óttast það að falla ekki í hópinn að þau endi ein, eru feimin og hrædd um að verða útundan, óttast það að vera utanveltu, fjárskortur. Fá fylgd inn, fá vini og vinkonur til að taka þig með.“

„Það „þurfa“ allir að fylgja straumnum, foreldrar þvinga krakkana í að gera eitthvað sem þau vilja ekki, fylgja vini sínum og þau eru hrædd um að vera léleg í þessu. Byggja upp sjálfstraustið, það þarf að mennta fólkið að það hefur stjórn á lífi sínu. Fólk er ekki nógu meðvitað um að það ræður lífi sínu og að það skiptir ekki máli hvað fólk finnst um þig. Það er ekki nógu mikið talað um það. Við sleppum því að gera það sem við viljum af ótta við að vera dæmd.“

„Þora ekki að byrja einir eða eiga enga vini. Það vantar kannski einhvern til þess að koma og bjóða manni til að koma.“

„Sum eru feimin, hafa ekki tíma og eru of löt.“

„Ekki nógu mikið af peningum, þora ekki að mæta á æfingu, eru í einhverju öðru, eru fötluð, nenna ekki að æfa neitt og hrædd við að kynnast nýju fólki.“

#### Spurning 4:

**Veist þú hvar best er að finna upplýsingar um það frístundastarf sem fer fram í Hafnarfirði fyrir börn og ungmenni? Hvert leitar þú þegar þú leitar að upplýsingum um frístundastarf fyrir þig? Eru upplýsingar um frístundastarf aðgengilegar? Með hvaða hætti mætti bæta þær upplýsingar sem hægt er að finna um það frístundastarf sem í boðið er í Hafnarfirði?**

Hægt er að finna upplýsingar um frístundastarf í Fréttablaðinu, á störf.is, google.is, já.is, mbl.is. Upplýsingarnar eru aðgengilegar. Það er ekki neinu við að bæta.“

„Okkur finnst að það eigi að auglýsa upplýsingar um frístundastarf meira í skólanum og að það eigi að gera sérstaka töflu með þessum upplýsingum.“

„Það er hægt að skoða Hauka síðuna, FH síðuna, síðuna sem tónlistarskólinn í Hafnarfirði hefur og Bjarkar síðuna. Það eru margir aðrir valmöguleikar þótt að við vitum ekki af öllum. Það væri hægt að koma í grunnskólana og hafa kynningar.“

„Á netinu, google, hafnarfjordur.is, spyrja vini sína. Leita að upplýsingum á netinu. Erfitt fyrir þá sem eru nýfluttir að finna upplýsingar. Hægt að bæta með því að hengja upp plaköt í skólanum, setja hlekkir um frístundastarf inn á heimasíðu skólans.“

„Nei, við vitum það ekki, hvergi, við hugsum ekkert um hluti sem enginn annar er að gera, ef allir eru í fótbolta og handbolta verðum við nokkuð viss um að það sé það eina sem er í boði, við eiginlega gerum bara það sem allir aðrir eru að gera. Það væri hægt að halda kynningar um mismunandi íþróttir og frístundastarf á skólatíma, svona íþróttir sem enginn veit um, t.d. íshokki. Bara að finna einhvern til að kynna hlutina og úrvalið þannig að við lærum að það er hægt að gera eitthvað annað en það sem allir eru að gera.“

„Maður getur farið inn á síðu sem félagið hefur, t.d. fh.is ,haukar.is. Til þess að upplýsa betur þá geta félögin útbúið plaköt og hengt í skólum.“

„Netið og skólinn, kunningjar, Fréttablaðið og auglýsingar. Auglýsa meira um það.“

„Á netinu, spyrja einhvern sem veit, lesa Fréttablaðið og auglýsingar.“

### Spurning 5:

**Á Íslandi er nokkuð algengt að nemendur grunnskóla vinni með skóla. Finnst þér rétt að grunnskólanemar vinni með skóla og hverjar telur þú helstu ástæður þess vera að þeir gera það?**

„Já okkur finnst það er rétt að grunnskólanemendur vinna með skólanum. Svo þau fá peninga.“

„Okkur finnst að ef unglínga vantar pening og þau vilja ekki taka frá foreldrum. Allt sem þau langar í er of dýrt eins og t.d. föt.“

„Það að vinna er einstaklings val, þeir sem vilja það gera það. Flestir vinna til að eiga pening og safna sér t.d. fyrir eitthverju sem þá langar í.“

„Safna pening til að komast í sumarfrí, kennir þeim að bera ábyrgð og treysta á sjálfa sig, ef þá langar í eitthvað hvernig þau eigi að fara að því og ef þau kaupa það fyrir eigin peninga þá meti þau að betur.“

„Svo lengi við fáum meira frelsi við vinnutímana, það er ekkert rangt við það svo lengi sem þeir vilja það sjálfir, við gerum það því við viljum peninga því það er ekki eins og foreldrar okkar séu að fara að borga fyrir allt sem við viljum.“

„Það er að við höldum enginn nemandi að vinna á skólatíma í vinnu en það eru margir sem vinna eftir skóla. Helstu ástæður eru að krakkar vilja pening til að kaupa sér hluti.“

„Já, til að undirbúa nemendur fyrir framtíðarstörf.“

„Ástæðan er að við kynnumst öðrum krökkum.“



### Spurning 6:

**Mjög misjafnt er milli heimila hversu miklar kröfur eru gerðar til þeirra barna og ungmenna sem þar búa að sinna heimilisstörfum. Eru gerðar kröfur til þín á þínu heimili að sinna heimilisstörfum eða gæta yngri systkina þinna eftir að skóla lýkur hjá þér á daginn. Finnst þér sanngjarnt að börn og ungmenni þurfi að sinna heimilisstörfum eða gæta yngri systkina sinna?**

„Nei unglingar eiga ekki sjá um systkini, þau eru ekki krakkarnir okkar en þau eiga sjá um heimilisstörfin.“

„Unglingar þurfa að hjálpa foreldrum sínum því þau þurfa að gera svo mikið eins og t.d. vinna, elda og fleira.“

„Flestir eiga heimaverk sem þau eiga að gera, ekki endilega á hverjum degi en kannski einu sinni í viku. Já það eru flestir sem passa systkinin sín. Það er mjög eðlilegt að hjálpa foreldrum sínum við pössun á yngri fjölskyldumeðlimum og að taka til heima, foreldrum vantar oft hjálp.“

„Sanngjarnt að allir fjölskyldumeðlimir aðstoði við heimilisstörf, foreldrar vinna mikið. Sumir þurfa að vinna ákveðin verkefni og aðrir tilfallandi.“

„Við gerum heimilisstörf og finnst það sanngjarnt en ekki ef við gerum of mikið. Stundum þegar vinir mínir eru úti má ég ekki vera með því ég þarf að ryksuga eða læra eða passa bróður minn. Stundum er okkur bannað að gera hluti því við þurfum að hjálpa til á heimilinu en á meðan eru vinir okkar úti að skemmta sér.“

„Það er sanngjarnt að við gerum heima verk og pössum lítil systkini því þetta er líka okkar heimili.“

„Já, þetta undirbýr þau undir framtíðina þegar þau flytja út eða eignast fjölskyldu.“

„Já, það er alveg allt í lagi að hjálpa til þegar vantar hjálp. Litlu systkinin þurfa líka að gera eitthvað, ekki bara elstu systkinin.“

## Athugasemdir framkvæmdaaðila:


Mjög misjafnt var hvernig til tókst að fá unglíngana til að ræða spurningarnar. Sumir voru frekar lokaðir meðan aðrir fóru á flug.

Tilfinning framkvæmdaaðila er að sá hópur sem kannaður var að þessu sinni eru unglíngar í góðum málum. Stór hluti þeirra er í einhverju skipulögðu frístundastarfi, hvort heldur er íþróttastarf eða annað skipulagt frístundastarf. Meðal margra þeirra sem augljóst var að taka ekki þátt í skipulögðu frístundastarfi var algengasta ástæðan sú að „ég vil miklu frekar gera eitthvað annað með vinum mínum eða vera heima í tölvunni, hef ekki áhuga á að láta segja mér hvað ég eigi að gera“.


Í samtali við unglínganna kom augljóslega fram að þeir sem búið hafa styst á Íslandi höfðu ekki vitneskju um hvert þeir eiga að snúa sér varðandi upplýsingar um það frístundastarf sem boðið er upp á í Hafnarfirði (á höfuðborgarsvæðinu).

Þá tók framkvæmdaaðili eftir því að mikill munur virðist vera á milli unglínga frá Afríku og Asíu og unglínga frá Evrópu (en stærsti hluti unglínganna er af pólsku bergi brotinn). Þannig virðist meiri agi vera á heimilum þeirra unglínga sem eiga ættir að rekja til Afríku og Asíu. Meiri kröfur virðast gerðar til þeirra unglínga en unglínga sem koma annars staðar frá. Skýrari reglur eru þeirra á meðal um hvaða heimilisstörfum þau eiga að sinna, meiri áhersla lögð á að fjölskyldan borði saman, hvað þau mega gera utan heimilis, þau oftast láta gæta yngri systkina sinna o.fl..


### 1. Ert þú stelpa eða strákur?




### 2. Í hvaða bekk ert þú?




### 3. Hjá hverjum býrð þú?




4. Hvernig telur þú fjölskyldu þína standa fjárhagslega miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi?




5. Hversu gamall/gömul varst þú þegar þú fluttir til Íslands?




6. Er töluð íslenska heima hjá þér?




**7. Hvert af eftirfarandi færð þú hjá foreldrum þínum?**




**8. Hvert af eftirfarandi færð þú hjá vinum þínum?**




**9. Hversu marga klukkutíma sefur þú yfirleitt á nóttu?**



**10. Hversu vel finnst þér eftirfarandi eiga við um þig?**




**11. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknum grunnskóla?**




**12. Hvert af eftirfarandi á við um þig?**




13. Hefur þú einhvern tíma um ævina reykt sígarettur/vindla?




Ef já, hversu oft hefur þú reykt?




14. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað neftóbak?




15. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað munntóbak?




Ef já, hversu oft hefur þú notað munntóbak?



16. Hefur þú einhvern tíma um ævina drukkið áfengi?




Ef já, hversu oft hefur þú drukkið áfengi?







17. Hefur þú einhvern tíma um ævina orðið drukkin/n?




Ef já, hversu oft hefur þú orðið drukkin/n?




18. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað maríjúana?




19. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað hass?




20. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað Molly (MDMA)?




21. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað E-töflu?



22. Hefur þú einhvern tíma um ævina notað sveppi sem vímuefni?




23. Æfir þú íþróttir eða stundar þú líkamsrækt?




Ef já,


a) Hversu oft æfir þú íþróttir með íþróttafélagi?



b) Hversu oft stundar þú íþróttir eða æfingar, hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga?




24. Tekur þú þátt í skipulögðu frístundastarfi?




Ef já,


Hversu oft tekur þú þátt í skipulögðu frístundastarfi?




25. Tekur þú þátt í einhverju eftirtöldu?




26. Æfir þú eftirtaldar íþróttir?




27. Með hverjum ert þú eftir að skóla líkur á daginn?




28. Með hverjum ert þú um helgar? (Merktu við einn reit í hverjum lið).



**29. Ert þú í launaðri vinnu með skóla?**





**Ef já, hversu marga klukkutíma vinnur þú að jafnaði á VIKU?**




**30. Í Hafnarfirði stendur börnum og unglingum til boða svokallaður „frístundastyrkur“ sem hægt er að nota til að greiða (að hluta eða öllu) fyrir frístundastarf.**

a) Vissir þú af þessum „frístundastyrk“?    b) Nýtir þú þér þennan „frístundastyrk“?



### 31. Hversu oft gerir þú eitthvað af eftirtöldu?



## Samantekt

Um er að ræða 42 unglunga í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla í Hafnarfirði. Nákvæmar upplýsingar um heildarfjölda liggja ekki alveg á hreinu en ljóst er að um fleiri unglunga er um að ræða. Einungis 2 fengu ekki heimild frá foreldrum til að taka þátt í könnuninni. Nokkrir voru fjarverandi, vegna veikinda auk þess sem í einum skólanum voru nemendur í 9. bekk í skólaferðalagi.

Unglingarnir gera skýran greinarmun á því sem þeir flokka til „fritíma“ og leggja áherslu á að þau eigi að fá að velja hvað þau gera í sínum fritíma. Flest hafa þau skýra sýn á hvernig þau vilja eyða fritíma sínum og flest þeirra eru í skipulögðu starfi af einhverjum toga.

U.þ.b. helmingur þátttakenda taldi ekki vanta neitt upp á það framboð á frístundastarfi sem nú þegar er til boða í Hafnarfirði. Í samtali við unglungana mátti virtist það vera sá hópur sem ekki hafði mikinn áhuga á því að taka þátt í skipulögðu starfi. Þeir sem hins vegar taka þátt í skipulögðu frístundastarfi, hvort heldur er um íþróttir eða annað að ræða, höfðu skýrari skoðun á því sem þau telja vanta.

Varðandi ástæður þess að unglingar taka ekki átt í skipulögðu frístundastarfi þrátt fyrir að hafa jafnvel áhuga á því telja þátttakendur að ótti við að falla ekki í hópinn sé helsta ástæða þess að unglingar taka ekki þátt. Þeirra tillaga er að bjóða upp á fylgd á t.d. æfingar. Þá nefna nokkrir að fjárskortur sé ástæða þess að unglingar taka ekki þátt. Eins telja þau að tímaskortur komi í veg fyrir þátttöku.

Flestir þátttakendur hafa einhverja hugmynd um hvert best sé að snúa sér til að afla sér upplýsinga um það frístundastarf sem boðið er upp á í Hafnarfirði (á höfuðborgarsvæðinu) en nokkrir hafa ekki hugmynd um hvert skal snúa sér. Augljóslega kom fram í samtali við unglungana að þeir sem ekki vissu hvert best væri að snúa sér varðandi upplýsingar um frístundastarf eru þeir sem ekki hafa búið lengi á Íslandi. Um helmingur þátttakenda hefur búið á Íslandi frá því áður en þau byrjuðu í grunnskóla. Þá bentu nokkrir á að bjóða mætti þeim sem sinna frístundastarfi barna og unglunga að vera með kynningu á sínu starfi í skólunum auk þess sem bent var á að útbúa mætti sérstaka upplýsingatöflu í skólunum þar sem frístundastarf væri auglýst. Eins kom fram að setja mætti hlekkir á heimasíðu skólanna sem vísar inn á upplýsingar um frístundastarf.

Þátttakendur voru almennt sammála um að ekkert væri athugavert við það að grunnskólanemar vinni með skóla vilji þau gera það. Flestir voru sammála því að þeir sem nú þegar vinna með skóla geri það til að verða sér úti um pening svo þau geti keypt það sem þau langar í.

Allir voru sammála því að eðlilegt er að allir hjálpist að við heimilisstörf en skiptar skoðanir voru á því hvort eðlilegt sé að þau þurfi að gæta yngri systkina sinna. Misjafnt er milli einstaklinga hvort hver og einn hafi föst verkefni heima. Sumir hafa ákveðin verk sem þeir þurfa að sinna t.d. vikulega meðan hjá öðrum eru það tilfallandi verkefni. Í nokkrum tilfellum, þar sem um föst verk heima er um að ræða, kemur það í veg fyrir að unglingarnir fái að vera með vinum sínum.

Kynjaskipting var nokkuð jöfn en rúmlega helmingur þátttakenda (57%) eru strákar á móti tæplega helmingi (43%) stelpna. Bekkjaskipting var nokkuð ójöfn þar sem 50% þátttakenda er í 10. bekk, 20% í 9. bekk og 30% í 8. bekk.

Mikill meirihluti þátttakenda, eða 76%, búa hjá báðum foreldrum sínum. Þá telur meirihluti þátttakenda, eða 62%, fjölskyldu sína álíka vel stæða og aðrar fjölskyldur á Íslandi. Hátt í þriðjungur, eða 29%, telur fjölskyldu sína betur stæða og einungis 10% telja fjölskyldu sína verr stæða en aðrar fjölskyldur á Íslandi.



Rúmlega helmingur (51%) þátttakenda hefur búið á Íslandi frá því áður en þau hófu nám í grunnskóla en 29% segjast fædd á Íslandi og 22% fluttu til Íslands á aldrinum 1-5 ára. Einungis 17% þátttakenda fluttu til Íslands á aldrinum 10-15 ára. Þar sem um unglunga á aldrinum 13-15 ára er um að ræða má segja að meirihluti þátttakenda sé „íslenskur“ þó foreldrar séu af öðru þjóðerni.

Flestir sem tóku afstöðu segjast upplifa ást og umhyggju hjá foreldrum sínum og vinum og fá aðstoð við persónuleg málefni. Þó kemur fram á svörum þátttakenda að þeir virðast síður frá aðstoð hjá foreldrum (38%) við námið/heimanámið en fá slíka aðstoð frekar hjá vinum sínum (60%). Gera má ráð fyrir að tungumálakunnátta foreldra sé helsti orsakavaldur þess að foreldrar aðstoða síður við námið/heimanámið.

Ljóst er af svörum þátttakenda að flestum líður vel í skólanum og semur vel við kennara og aðra nemendur. Meirihluti þátttakenda, eða 68%, telja það líklegt að þeir muni fara í framhaldsskóla á Íslandi að grunnskólanámi loknu og um 15% telja það líklegt að þeir muni fara í iðn- eða tækninám á Íslandi. Einungis 5% telja það líklegt að þeir muni fara að vinna að grunnskólanámi loknu. Því er nokkuð ljóst að þátttakendur hafa nokkuð skýra mynd af því hvað þau ætli sér að gera að grunnskólanámi loknu.

Hvað varðar neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum kemur skýrt fram að lítið er um slíkt meðal þessa hóps. Þannig segjast 5% hafa reykt sigarettur/vindla einhvern tíma um ævina. Enginn hefur notað neftóbak og 5% segjast hafa notað munntóbak. Hvað áfengisneyslu varðar segjast 21% hafa drukkið áfengi einhvern tíma um ævina. Í samtali við unglungana kom fram að í flestum tilfellum hafi verið um smakk að ræða en ekki heilan drykk. 5% þátttakenda höfðu einhvern tíma um ævina orðið drukkin. Enginn hafði notað maríjúana, hass, Molly, E-töflu eða sveppi sem vímuefni.

Rúmlega helmingur (55%) segjast æfa íþróttir eða líkamsrækt. Af þeim sem æfa íþróttir eða líkamsrækt eru 92% sem æfa íþróttir með íþróttafélagi 3 sinnum í viku eða oftar. Rúmlega þriðjungur (39%) segist taka þátt í skipulögðu frístundastarfi þar af 93% 1-4 sinnum í viku. Algengast er að þátttakendur taki þátt í félagsstarfi í félagsmiðstöð eða skóla.

Meiri hluti þátttakenda er oft/nær alltaf með foreldrum sínum/fjölskyldu eftir að skóla líkur á daginn (53%) og stundum með vinum sínum (53%). Um helgar er rúmlega helmingur oft/nær alltaf með foreldrum sínum (60%) og stundum með vinum sínum (48%).

Fjórðungur (25%) þátttakenda vinnur með skóla þar af rúmlega helmingur (55%) 6-10 klst. á viku og rúmlega fjórðungur (27%) í 11 klst. eða meira á viku.

Algengast er að þátttakendur segist fara niður í bæ að kvöldi til og um helgar en 37% segjast gera það nokkrum sinnum í mánuði, 21% í hverri viku og 5% á hverjum degi. Að fara í bíó er nokkuð algengt en 64% segjast gera það nokkrum sinnum í mánuði og 13% í hverri viku. Þá segjast 36% fara í party nokkrum sinnum í mánuði og 41% segjast lona með vinum sínum nokkrum sinnum í mánuði. 46% segjast vera með vinum sínum heima hjá sér nokkrum sinnum í mánuði og 33% segjast gera það í hverri viku. Þá segjast 34% vera með vinum sínum heima hjá þeim nokkrum sinnum í mánuði og 45% segjast gera það í hverri viku.